

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 18. nóvember 2016 var haldinn 255. fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir og Bjarni Þór Álfþórsson, varamaður. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fara umræður um gjaldskrármál.
2. Fram fer umræða um fjárhags- og starfsáætlun 2017-2021. Lögð fram endurbætt drög að fjárhags- og starfsáætlun 2017-2021.
Samþykkt
3. Lagt fram yfirlit yfir helstu lykilstærðir í rekstri Strætó fyrir tímabilið janúar-október 2016.
4. Lagt fram yfirlit gæða- og öryggisstjóra Strætó, dags. 16. nóvember 2016, yfir skjalastjórn og skjalavörslu hjá fyrirtækinu. Einnig fer fram kynning á stöðu undirbúningsvinnu vegna innleiðingar skjalastjórnunarkerfi en stefnt er að því að slíkt kerfi verði komið í notkun hjá Strætó á fyrsta ársfjórðungi 2017.
5. Aðsend erindi:
 - a. Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 09. nóvember 2016, sbr. samþykkt skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 28. nóvember 2016, um að fara þess á leit við stjórn Strætó að láta gera kostnaðar- og ábatamat á því að aksturstími Strætó verði til kl 01 á virkum dögum og á laugardöguog að lögð verði drög að því að kanna fýsileika næturaksturs um helgar á stofnleiðum frá kl. 01.30 til kl. 04.00.
Vísað til framkvæmdastjóra.
 - b. Lagt fram erindi frá ÍTR, dags. 20. nóvember 2016, með beiðni um niðurfellingu fargjalda fyrir fylgdarmenn fatlaðra ungmenna í frístundastarfi Hins Hússins.
Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
 - c. Lagt fram erindi frá Metan ehf., dagsett 14. nóvember 2016, varðandi mögulegt framhald á notkun Strætó á metanvögnum.
Vísað til framkvæmdastjóra.

Fundi slitið kl. 13.00

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson
Bjarni Þór Álfþórsson

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason